



Rannsóknir v/Fljótsdalsvirkjunar 1980

Haukur Tómasson

Greinargerð HT-80/09

RANNSÓKNIR V/ FLJÓTSDALSVIRKJUNAR 1980

Undirbúningur að rannsóknum sumarsins byrjaði í aprílmánuði, þegar flutt voru hús í tvær bækistöðvar staðsettar á Teigsbjargi og við Laugará. Um 20. júní var farið að leggja slóð að borstæði að Teigsbjargi en gekk illa vegna aurbleytu.

Djúpborun hófst á Teigsbjargi 8. júlí og lýkur um 7. september. 1340 bormetrum hefur þessi bor lokið á þessum tveim mánuðum. Niðurstaða þessara borana er jákvæð hvað snertir tengingar við opnur og berggæði. Á óvart kom mikill leki á vissum stöðum og jarðvatn er mjög lágt. Þetta kann að stafa af því að spennan í berginu er mjög lítil og getur það haft áhrif á hönnun en rannsaka verður þetta fyrirbæri betur á næsta ári.

Um 15. júlí kom annar kjarnabor á svæðið og boraði fyrst 3 holur á Teigsbjargssvæðinu. Ekki kom fram neitt óvænt við þá borun. Síðan fór þessi bor í Laugafell og er nú að ljúka holu nr. 2 þar. Ætlunin er að bora þar eina holu í viðbót.

Síðast liðinn vetur var geymdur bor austan Jökulsár á stíflustæði við Eyjabakka. Þessi bor var tekinn í notkun 15. ágúst og hefur lokið borun tveggja hola austan árinna og hefur nú verið fluttur vestur yfir. Upphafleg boráætlun um kjarnaborun er þegar lokið og reyndar miklu meira hvað varðar fjölda bormetra. Eftir er þó að bora eina holu á stíflustæði sem var í upprunalegri áætlun. Í viðbót hana er áætlað að bora viðbótarholu í Laugafelli, holu við Laugará og holu nálægt jarðgangamunna í Fljótssdal.

Í jarðvegsborunum hafa tveir léttir borar verið í gangi síðan í byrjun ágúst. Lokið er könnun á dýpi á klöpp á Teigsbjargssvæðinu og er nú unnið á stíflustæðinu við Eyjabakka og Eyjabakkaskurði. Vinnan hefur gengið vel og er áætlað að halda henni áfram meðan veður leyfir.

Jarðsveiflumælingaflokkur hefur verið í gangi síðan snemma í ágúst. Hann vann á Teigsbjargssvæðinu í byrjun en síðan inn á stíflustæði við Eyjabakka. Þessum flokki verður haldið úti svo lengi sem jörð helst ófrosin.

1980-09-05

---

Í athugun er nú að fá loftbor til könnunar á lekt jarðlaga við Gilsár-  
vatn og kanna frekar jarðlög á leið Eyjabakkaskurðar. Þetta kemst til  
frankvæmda í næstu viku ef af verður.

Kortagerð á leið Eyjabakkaskurðar í mælikvarða 1:5000 lauk snemma í  
júlí. Önnur kortagerð er ekki áætluð á þessu ári.

Landmælingum vegna frekari kortagerðar í mælikvarða 1:5000 af veitu-  
leiðum á Fljótsdalsheiði og Sauðárveitu er að ljúka á næstu dögum.  
Myndatöku er lokið en mælingar á myndpunktum eftir við Sauðárveitu.

Rannsóknir vegna hreindýra og náttúruverndarkannanna eru aðkeypt  
verkefni og höfum við ekki fengið aðra vitneskju um það en að sá liður  
standist áætlun.

Í heild má segja að rannsóknarvinnan á liðnu sumri hafi gengið mjög vel  
og nálega allir vinnuflokkar hafa náð meiri afköstum en gert var ráð  
fyrir í áætlunum.

Reykjavík 80-09-05

---

Haukur Tómasson.

Dags.  
1980-11-28  
Dags.

Tilv. vor  
JB/HT/vp  
Tilv. yðar

...  
Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík  
...

Varðar: Uppgjör á rannsóknarkostnaði Fljótsdalsvirkjunar 1980.

Meðfylgjandi er greinargerð um rannsóknarkostnað Orkustofnunar við útvinnu sumarið 1980 í sambandi við Fljótsdalsvirkjun. Innifalinn í þessum tölum er einnig annar bókfærður kostnaður á Austurlandi á árinu. Aftur á móti er úrvinnsla Raforkudeildar og undirbúningur rannsókna síðast liðinn vetur ekki meðtalinn. Á þeim tíma lagði deildin fram töluverða vinnu en hún var ekki sérstaklega skráð þar sem ekki voru þá enn komnar í notkun vinnu-skýrslur, sem þetta uppgjör byggir á.

Eins og uppgjorið ber með sér er búið að nota allt það fé, sem áætlað var í verkið í maí í vor og einnig það sem var bætt við í ágúst. Einnig er farið að nota hluta af því fé, sem kemur fyrst til útborgunar eftir áramót en það eru 30 milljónir að frádregnum lántökukostnaði. Þetta fé verður sennilega allt notað til að greiða reikninga, sem borist hafa og berast eftir 30. október.

Reynt var að halda rannsóknum áfram nú í haust eins lengi og frekast var kostur til þess að ná sem lengst með þær í ár. Þetta hefur valdið því, að ekki er lengur tiltækt fé til úrvinnslu rannsókna innan upphafslegs ramma, sem þó var ætlunin. Í þessu sambandi er rétt að minna á að rannsóknarféð verður ekki allt greitt út fyrir áramót en búið er að ráðstafa því öllu.

Allra virðingarfyllst,

---

Jakob Björnsson

*Haukur Tómasson*

Haukur Tómasson

Afrit: Rafmagnsveitur ríkisins